

Hörgársveit

Fréttabréf

4. árg., 7. tbl., 22. mars 2013



Tilboð í afnot af túnum

Auglýst er eftir tilboðum í afnot af túnum og landspildu í eigu Hörgársveitar á árinu 2013 sem hér segir; á Ytri-Bakka (22 ha), á Syðri-Bakka (Dyssenaspilda, 25 ha), á Ósi (10 ha) og á Hjalteyri (0,5 ha). Nánari lýsing á viðkomandi spildum er í útboðslýsingu, sem er fáanleg á skrifstofu Hörgársveitar í Þelamerkurskóla, síminn er 461 5474 og netfangið er horgarsveit@horgarsveit.is.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Hörgársveitar, Þelamerkurskóla, 601 Akureyri. Tilboðsfrestur er til kl. 15:15 þann 11. apríl 2013. Þá verða opnuð þau tilboð sem borist hafa að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er og hafna öllum.

21. mars 2013,
Sveitarstjórinn í Hörgársveit

Fundur ferðapjónustuaðila

í Hörgársveit í Leikhúsinu, Möðruvöllum þriðjudaginn 26. mars kl. 17⁰⁰
Öllum sem starfa að ferðapjónustu á einhvern hátt – eða hafa hug á því að gera það - er boðið að koma.

Íbúafundur um aðalskipulag Hörgársveitar

verður haldinn í Hlíðarbæ mánudaginn 8. apríl kl. 20:00

Hörgársveit

Sími: 461 5474 **Fax:** 461-5475
Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is
Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri
Veffang: www.horgarsveit.is

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fundur nr. 33 miðvikudaginn 20. mars 2013. Mætt voru: Axel Grettisson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Helgi Þór Helgason, Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Fundarritari: Guðmundur Sigvaldason.

1. Fundargerðir heilbrigðisnefndar, 7. nóvember og 4. desember 2012 og 6. febrúar 2013 lagðar fram, gefa ekki tilefni til ályktunar.

2. Hlaðir, framkvæmdaleyfi vegna efnistöku

Lögð fram bréf, dags. 21. febrúar 2013, frá Skútabergi ehf. og Félagsbúinu Hlöðum þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í landi Hlaða sem nemur 49.900 m³, sbr. 3. lið þessarar dagskrár. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til að leyfið verði veitt, með tilteknu skilyrði.

Gefið verði út framkvæmdaleyfi með gildistími til 31. desember 2017 fyrir efnistöku í landi Hlaða sbr. fyrirbyggjandi gögn, með þeim skilmálum að raskað svæði vegna efnistökkunnar verði minna en 2,5 ha, að frágangur verði í samræmi við þær hugmyndir sem fram koma í umsókninni og að óskað verði eftir því við Umhverfisstofnun að trygging vegna frágangs svæðisins verði lögð fram, sbr. 48. gr. laga um náttúruvernd. Framkvæmdaleyfisgjald, kr. 49.000, greiðist, auk þess að mælingar vegna magntöku greiðist skv. reikningi.

3. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar, 27. febrúar 2013

Fundargerðin er í fimm liðum. Einn þeirra, um efnistöku á Hlöðum, var til afgreiðslu í dagskrárlíðnum hér að framan. Í fundargerðinni eru tvær aðrar tillögur til sveitarstjórnar, þ.e. um lýsingu á skipulagsverkefninu „Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024“ og um umsagnir um drög að tillögu að aðalskipulaginu. Aðrir liðir fundargerðarinnar eru um drög að aðalskipulagi og um upplýsingafund um úrgangsmál.

Ný lýsing á skipulagsverkefninu „Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024“, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013 samþykkt. Hún verði kynnt skv. lögum og skipulagsráðgjafa verði falið að gera breytingar á tillögudrögum aðalskipulagsins í samræmi við tillögur hans um viðbrögð við framkomnar umsagnir um þær.

4. Skólaakstur

Gildandi samningar um skólaakstur vegna þelamerkurskóla renna út við lok núverandi skólaárs. Rætt um fyrirkomulag skólaaksturs.

Skólaakstur fyrir þelamerkurskóla 2013-2014 verði boðinn út.

5. Fundargerð fræðslunefndar, 11. mars 2013

Um úttekt á húsnæði þelamerkurskóla, tímasetningu á sumarlokun leikskóla, um eldvarnaskýrslur leikskóla og grunnskóla, sumarnámskeið í leikskóla fyrir grunnskólabörn, starfsáætlanir grunnskóla og leikskóla skólaárið 2013-2014, um segulsvið og rafmengun og um niðurstöður Olweusar könnunar.

Undirbúið verði útböð á hönnun þeirra viðhaldsverkefna sem fyrirbyggjandi úttekt á húsnæði þelamerkurskóla kveður á um. Skipaður um það vinnuhópur sem í eiga sæti Axel Grettisson, Hanna Rósa Sveinsdóttir og Sunna H. Jóhannesdóttir. Þá samþykkti sveitarstjórn að fyrirspyrjanda um segulsvið og rafmengun verði veittar upplýsingar um þær ráðstafanir sem gerðar voru í þeim efnum á árunum 2008 og 2009.

6. Fundargerð menningar- og tómstundaneftndar, 12. mars 2013

Fundargerðin er í níu liðum. Í henni eru þrjár tillögur til sveitarstjórnar, um samstarfssamning við Gásakaupstað um Miðaldadaga, um styrk til Leikfélags Hörgdæla og um styrktarsamning við Verksmiðjuna á Hjalteyri. Aðrir liðir fundargerðarinnar eru um eldvarnaskýrslu fyrir Íþróttamiðstöðina, landsmót 50+ 2015, samning um Héraðsskjalasafnið á Akureyri, gjaldskrá Hlíðarbæjar, íbúafund um menningar- og tómstundamál og fund ferðapjónustuaðila.

Samþykktir samstarfssamningar við Gásakaupstað um Miðaldadaga, að veita styrk til Leikfélags Hörgdæla og að gera styrktarsamning við Verksmiðjuna á Hjalteyri að upphæð kr. 400.000.

7. Ós, sala á landspildum

Þann 14. mars 2013 voru opnuð tilboð í þrjár landspildur úr jörðinni Ós, sbr. samþykkt sveitarstjórnar 16. janúar 2013. Í spildu A bárust tvö tilboð, það hæsta að fjárhæð kr. 2.200.000, í spildu B bárust fimm tilboð, það hæsta að fjárhæð kr. 2.700.000 og í spildu C bárust sex tilboð, það hæsta að fjárhæð kr. 4.750.000.

Samþykkt að hafna öllum tilboðum í allar spildurnar.

8. Sláturhús B. Jensen, frárennsli

Gert var grein fyrir viðræðum sem fram hafa farið við Raf ehf. um búnað til að hreinsa frárennsli frá sláturhúsi B. Jensen á Lónsbakka. Sótt hefur verið um leyfi heilbrigðiseftirlits til að nota þann búnað sem um ræðir en afgreiðsla umsóknarinnar liggur ekki fyrir.

Samþykkt að gerður verði samningur við Raf ehf.

9. Liðsstyrkur, atvinnuáttaksverkefni

Lagt fram bréf, dags. 25. febrúar 2013, frá „Liðsstyrk“ um atvinnuáttaksverkefni sveitarfélaga, ríkis, atvinnurekenda og stéttarfélaga.

Skráð verði störf fimm verkamanna í „starfabanka“ atvinnuáttaksverkefnis sveitarfélaga, ríkis, atvinnurekenda og stéttarfélaga.

10. og 11. Moldhaugaháls og Björg, efnistaka

Lögð fram bréf frá Skútabergi ehf. og GV Gröfum ehf., þar sem óskað eftir fresti til 1. september 2013 til að afla framkvæmdaleyfis vegna efnistöku á Moldhaugahálsi, sbr. fundargerð 20. febrúar 2013.

Samþykkt að veita frest til 1. september 2013 til að afla leyfisins.

12. **Hjalteyri ehf., forkaupsréttur að hlutafjárukningu**

Sveitarstjórn nýti ekki forkaupsrétt sveitarfélagsins að viðbótarhlutafé í Hjalteyri ehf. að þessu sinni.

13. **Fjargæsla fyrir stofnanir sveitarfélagsins**

Gerður verði samningur við Securitas hf. um fjargæslu og úttektar-samninga fyrir allar stofnanir sveitarfélagsins.

14. **Gásakaupstaður ses., aðalfundarboð**

Guðmundur Sigvaldason fari með atkvæði Hörgársveitar.

15. **Norðurorka hf., aðalfundarboð**

Hanna Rósa Sveinsdóttir fari með atkvæði Hörgársveitar á fundinum.

16. **Velferðarvaktin, málefni fjölskyldna**

Velferðarvaktin hvetur sveitarfélög til að setja sér fjölskyldustefnu.

17. **Sóknaráætlun fyrir Norðurland eystra lögð fram til kynningar**



Útboð - Skólaakstur 2013-2014

Hörgársveit óskar eftir tilboðum í skólaakstur skólaárið 2013-2014. Um er að ræða fimm akstursleiðir:

Ytri-Bakki, Fagriskógur, Ós, Þrastarhóll – Þelamerkurskóli	20 sæti, 41 km
Staðartunga - Þelamerkurskóli (um Hörgárdalsveg)	26 sæti, 32 km
Auðnir - Þelamerkurskóli (um Þelamerkurveg)	11 sæti, 41 km
Skjaldarvík, Gásir, Tréstaðir – Þelamerkurskóli	15 sæti, 27 km
Lónsbakki, Hraukbær, Pétursborg – Þelamerkurskóli	26 sæti, 25 km

Að jafnaði eru tvær ferðir á hverjum skóladegi, sem eru 180 á skólaárinu.

Útboðsgögn eru afhent á skrifstofu Hörgársveitar í Þelamerkurskóla.

Þangað ber að skila tilboðum í síðasta lagi fyrir **kl. 15:30 11. apríl 2013**. Þá verða þau þar opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Áskilinn er réttur til þess að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

21. mars 2013,
Sveitarstjórinn í Hörgársveit

Styrkir til eflingar atvinnulífs

Auglýst er eftir umsóknum um styrk/styrkir til verkefna sem styðja atvinnulíf í Hörgársveit. Umsóknum skal skilað á skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið horgarsveit@horgarsveit.is merkt „Styrkumsókn“ fyrir kl. 24⁰⁰ þ. 4. apríl.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 20. apríl í Þelamerkurskóla.
Dagskrá fundarins mun birtast á www.horgarsveit.is síðdegis 18. apríl.